1dag 1kvöld


SÝNING Á TILLÖGUM AÐ GRJÓTAÞORPI

Borgarskipulag Reykjavíkur kynnir nú að Kjarvalsstöðum nýja tillögu að skipulagi í Grjótaþorpi.

Arkitektafélag Íslands hefur með leyfi Borgarskipulags sett upp til sýnis nokkrar eldri tillögur að skipulagi Grjótaþorps ásamt tveimur verkum arkitektúrnema, sem tóku það fyrir sem lokaverkefni.

Sýning þessi var sett upp í Ásmundarsal vegna umræðufundar í félaginu um Grjótaþorpið, en verður aðgengileg fyrir almenning frá klukkan 13 til 17 virka daga í þessari viku, en sýningunni lýkur þann níunda þessa mánaðar.

—KÞ




Þessi mynd sýnir tillögu Hjörleifs Stefánssonar að Grjótaþorpi, sem nýlega var sýnd að Kjarvalsstöðum.

Gangleri kominn út

Tímaritið Gangleri, síðara hefti 54. árgangs, er komið út. Meðal greina í þessu hefti má nefna „Hvert stefnir mannkynið?" eftir hinn þekkta sagnfræðing Arnold Toynbee, „Hvað er maðurinn?" eftir Rögnvald Finnbogason, greinar eru um forsögulega leyndardóma og Halldór Haraldsson kynnir Svami Vivekananda. Hvert hefti Ganglera er 96 síður og í þessu hafti eru rúmlega 15 greinar.

Allar upplýsingar eru gefnar í síma 39573.



Forsíða hins nýútkomna rits.



Atriði úr Könnusteypinum pólitíska í uppfærslu Þjóðleikhússins.

Könnusteypirinn að nýju á fjalirnar

Sýningar á Könnusteypinum pólitíska hefjast að nýju í Þjóðleikhúsinu í kvöld, miðvikudag.

Þessi gamanleikur Holbergs er í þýðingu dr. Jakobs Benediktssonar, en leikstjóri er Hallmar Sigurðsson. Leikmynd og búningar eru eftir Björn G. Björnsson.

Það er Bessi Bjarnason, sem leikur könnusteypinn með framadraumana, sem fær ofanígjöf fyrir uppskafningsháttinn. Eiginkona hans er leikin af Guðrúnu Þ. Stephensen og Þórhallur Sigurðsson leikur þjón þeirra hjóna. Baldvin Halldórsson, Sigurður Skúlason, Þráinn Karlsson og Viðar Eggertsson leika aðalsmenn, sem bregða sér í mörg kostuleg gervi til að klekkja á könnusteypinum.

Einungis eru eftir fáar sýningar á könnusteypinum pólitíska.

—KÞ

REGNBOGINN
☎ 19 000

salur A
Jólamyndir 1980



Jasssöngvarinn
Frumsýning í Evrópu

Skemmtileg — hrífandi, frábær tónlist.
Sannarlega kvikmyndaviðburður....

NEIL DIAMOND — LUCIE ARANZ.
Tónlist: NEIL DIAMOND — Leikstjóri. RICHARD FLEICHER.

kl. 3, 6, 9 og 11.10
Íslenskur texti

salur B

Trylltir tónar

„Disco"myndin vinsæla með hinum frábæru „Þorpsbúum"

kl. 3, 6, 9 og 11.15.



salur C

LANDAMÆRIN



Sérlega spennandi og viðburðahröð ný bandarísk litmynd, um kapphlaupið við að komast yfir mexikönsku landamærin inn í gullandið...
TELLY SAVALAS, DENNY DE LA PAZ, EDDIE ALBERT.
Leikstjóri: CHRISTOPHER LEITCH.
Íslenskur texti.
Bönnuð börnum.
Hækkað verð.
Sýnd kl.3.10 - 5.10 - 7.10 - 9.10 og 11.10

salur D

Hjónaband Maríu Braun

Spennandi — hispurslaus, ný þýsk litmynd gerð af Rainer Werner Fassbinder.
Hanna Shygulla — Klaus Lowitsch
Bönnuð innan 12 ára
Íslenskur texti
Sýnd kl. 3, 6, 9, og 11.15.

AUSTURBÆJARBÍÓ
Sími 11384

Jólamynd 1980:
„10"

"10"



Heimsfræg bráðskemmtileg ný, bandarísk gamanmynd í litum og Panavision. International Film Guide valdi þessa mynd 8. bestu kvikmynd heimsins s.l. ár.

Aðalhlutverk: Bo Derek, Dudley Moore, Julie Andrews. Tvímælalaust ein besta gamanmynd seinni ára.

Sýnd kl. 5, 7.15 og 9.30.
Ísl. texti
Hækkað verð

Verslunarmannafélag Reykjavíkur

Framboðsfrestur

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör stjórnar, trúnaðarmannaráðs og endurskoðenda í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur fyrir árið 1981.
Framboðslistum skal skilað í skrifstofu félagsins Hagamel 4 eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi laugardaginn 10. janúar 1981.
Kjörstjórnin.

VÍSIR
Nýr umboðsmaður á
HVAMMSTANGA
Ingibjörg Hjaltadóttir
Melavegi 13 Sími 95-1489

1. NÓV. AUKUM ÖRYGGI Í VETRARAKSTRI NOTUM ÖKULJÓSIN ALLAN SÓLARHRINGINN 1. FEBR.
UMFERÐAR RÁÐ

Endurskinsmerki stórauka öryggi í umferðinni.
Dökkklæddur vegfarandi sést ekki fyrr en í 20—30 m. fjarlægð frá lágljósum bifreiðar.
en með endurskinsmerki sést hann í 120—130 m. fjarlægð.
Metrar 0 10 20 30 130
UMFERÐAR RÁÐ